

Skrifstofa Alþingis
Nefndasvið Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 7. nóvember, 2014

Varðar: Umsögn um þingsályktunartillögu um stofnun samþykkisskrár. Mál 22

Vísað er í frest sem Hjartaheill fékk til að skila umsögn sinni. Hjartaheill styður eindregið þingsályktunartillögu um ætlað samþykki við líffæragjafir frá fyrri tíma. Á sama tíma vilja samtökin benda á þá staðreynd að nú þegar er til skrá hjá Landlæknisembættinu þar sem aðilar geta sett nafn sitt á til aukinnar áherslu með líffæragjöf eða skráð nafn sitt þar sem þeir samþykkja ekki brott nám líffæra eftir andlát.

Hjartaheill telur að þingsályktun sem fram hefur komið nú í meðferð málsins fyrir þingi vegna líffæragjafa er þvert á fyrri hugmyndir um ætlað samþykki.

Varðandi staflíði b. og c. í þingsályktunartillögunni um aðra persónulega hagi eða málefni einstaklinga til nýtinga í lífandi lífi leggja samtökin áherslu á það að mikilvægt sé í þeim atriðum að fylgja eftir persónuvernd einstaklinga sem nú þegar er búin ákveðin vernd í lögum.


Hjartaheill telur best þannig staðið að málum að ætlað samþykki verði það sem miðað verður við. Að öðru leyti er vísað í bréf samtakanna frá 10. nóvember, 2012 þar sem segir m.a.;

„Hjartaheill telur mikilvægt að í aðdraganda lagasetningar um líffæragjafir verði skapað jákvætt viðhorf sem greinarhöfundur hér að ofan nefnir til ánöfnunar líffæra. Það er hins vegar erfitt verk fyrir heilbrigðisstéttina á ögurstundu að sækja að ættingjum á ögurstundu í sorgarferli þar sem farið er þess á leit að líffæri verði numið á brott úr manneskju sem nýlega hefur verið úrskurðuð látin. Við þær aðstæður geta ættingjar brugðist við með því að hafna líffæragjöf. jafnvel þó vilji hins látna var til staðar fyrirfram. Því er mikilvægt að ganga alla leið að samþykki ættingja þurfi ekki að koma til sbr. þó það sem fram kemur í niðurlagi umsagnarinnar hér að neðan.

Til þess að ættingjar velkist ekki í neinum vafa um stöðu mála er hetur að búa þannig um hnitanna að forræðið sé bundið í lög um framkvæmdina og forræðið um brott nám líffæra til að hjarga sjúklingum sem eru við dauðans dyr. „Ætlað samþykki“ fyrir líffæragjöf mun því auðvelda ákvarðanatöku aðstandenda ef yfirleitt eigi að leita eftir samþykki þeirra sbr. það sem hér að ofan hefur verið vikið að.

Þar sem brott nám líffæra stríðir á móti trúarbrögðum eða lífsskodun þess látna er rétt að taka tillit til slíkra tilvika. Í þeim tilvikum geta þeir aðilar í lífandi lífi skráð sig á lista þar sem brott nám líffæra er bönnuð.“

Yirðingarfyllst.



Sveinn Guðmundsson, hfl.
varaformaður Hjartaheilla